



Fornleifaskráning vegna lagningu
rafmagnstrengs frá tengivirki í Hamranesi að
golfvellinum í Odda



Bjarni F. Einarsson
2023

Forsíðumyndin sýnir líklega landamerkjavörðu á Bleikisteinsás (Fornleifar nr 457:1.
Horft mót NNA. Ljósm. BFE 2023).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Landsnet
Apríl 2023

Inngangur

Að beiðni Landsnets kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á leið fyrirhugaðs rafmagnsstrengs (Hamraneslínur 1 og 2) frá tengivirkinu í Hamranesi að golfvellinginum í Odda. Leiðin er sýnd á mynd 1.

Farið var lauslega í gegnum ýmsar heimildir svo sem eldri skráningarskýrslur og örnefnaskrár.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 24. mars síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki, bæði punktur og umfang. Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmynda (mynd 2–3) með staðsetningu fornleifa.

Áður hafa verið gerðar nokkrar fornleifaskráningar á svæðinu; vegna aðalskipulags Hafnarfjarðar (Atli Rúnarsson 2021), vegna deiliskipulags við Hamranes (Katrín Gunnarsdóttir 2011) og fjölmargar skýrslur vegna Suðvesturlína (m.a. Bjarni F. Einarsson 2014).

Á Minjavefsjá Minjastofnunar má sjá fornleifar á svæðinu, en þar eru aðeins einar minjar í allra næsta nágrenni við hinn fyrirhugaða rafstreng, auk nýskráðrar vörðu austast á leiðinni.

Fulltrúi verkkaupa var Anna Sigga Lúðvíksdóttir hjá Landsneti.



Mynd 1. Leið rafmagnslínunnar frá tengivirkinu við Hamranes að golfvelli Odda. (Loftmynd: Efla).

Skráningin


Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni hinnar fyrirhuguð línu. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
457	Varða	1	Rafmagnslína	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Rannsókn
458	Varða (vörðubotn)?	1	Rafmagnslína	Lítill	Léleg	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn
Samtals:		2				Meðalt.	2,33	2,33		

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar á leið rafmagnslínunnar. Hér er lagt mat á hættuna vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem kunna að fylgja í kjölfarið á framkvæmdum og mótvægisáðgerðum sé ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna. Um viðvarandi hættu á minjunum er vísað í sjálfa fornleifaskrána.



Mynd 3. Staðsetning fornleifa nr. 458, vörðu?, merkt með gulu. (Loftmynd: Efla).

Samtals voru tvær fornleifar skráðar í tengslum við vettvangs-könnunina. Hvorug minjanna taldist hafa hátt minja- og varðveislugildi, báðar höfðu lítið minja- og varðveislugildi.

Fornleifarnar eru ekki í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda, en aðgát skal höfði í nágrenni vörðu nr. 457 (landamerkjavarða).

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og vörðum miðast yfirleitt að því að reynt er að komast að byggingarlagi vörðunnar og gjóskulaga leitað undir henni til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Niðurstaða

Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. Báðar voru í lágsta flokki og hvorugar teljast vera í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda.

Hugsanlega er hægt að sneiða hjá fornleifum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Atli Rúnarsson. *Fornleifaskrá Hafnarfjarðar VIII. Ásaland*. Byggðasafn Hafnarfjarðar. Hafnarfjörður 2021.

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna Suðvesturlínu í hraununum sunnan við álverið í Straumsvík*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2014.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Katrín Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Hamranes og Vatnshlíðarhnúk í Hafnarfirði*. Byggðasafn Hafnarfjarðar. Hafnarfjörður 2011.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

minjastofnun.is Minjavefsjá.

Örnefnaskrá. Hvaleyri. Gísli Sigurðsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Fylgirit:

Fornleifaskrá: Hafnarfjörður Nr. 457:1 - 488:1.

Aðalnr.

457

Undirnr.

1

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Hafnarfjörður

Núv. sveitarfél.

Hverfi

Landareign

Mí:Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

24.3.2023

GPS Staðsetning

E 356246,0 N 396283,5

Viðmiðun M.y.s. Skekkja

Isn 93

Tegund minja

Varða

Tilgáta/Niðurstaða

Landamerkjavarða

Verk

Hamranesn 23

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Ekkert

Engin

Ágætt

1550-1900

Rafstrengur

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

4

Lítið

4

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Á hrygg (Bleikisteinsás) í móa.

Heimildir og munnmæli

Atli Rúnarsson. Fornleifaskrá Hafnarfjarðar VIII.

Ásland. Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Hafnarfjörður 2021.

Örnefnaskrá. Hvaleyri. Gísli Sigurðsson skráði.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnasafn.

Lýsing

Varða.

Um 1 m í þvermál og 1 m há. Úr grjóti. Efst eru litlir steinar sem virðast hafa verið settir í vörðuna í seinni tíð.

Í skráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar er varðan skráð nr. 2658-52 og sögð 1,5 m há.

Varðan kann að vera á landamerkjum Hvaleyrar og Áss, en í örnefnaskrá segir að landamerkjalin sé í beina línu frá Fuglastapapúfu uðð eftir í Bleikistein, sem er í norðanverðum Bleikisteinshálsi og svo áfram. Bleikisteinn gæti verið undir vörðunni.

Teikning af vörðunni



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Aðalnr.

458

Undirnr.

1

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Hafnarfjörður

Núv. sveitarfél.

Hverfi

Landareign

Mí:Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

24.3.2023

GPS Staðsetning

E 358428,2 N 397630,9

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

Tegund minja

Varða (vörðubotn)?

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Hamranesn 23

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Talsverð

Lélegt

1550-1900

Rafstrengur

Lítill

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

3

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Efsts á malarhól, um 80 m suður af rafmangslínu.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða (vörðubotn)?

Um 1,2 m í þvermál og 0,1 m há.

Úr grjóti.

Ofan á vörðunni er hundapúfa.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.